





1. **DKG-fundur vetrarins haldinn á Matkránni í Hveragerði 29. sept 2021. Epsilondeild.**
2. Ingibjörg Ingadóttir, formaður Epsilondeildar setti fundinn, bauð systur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
3. Formaður fór yfir mætingalistann og voru 18 systur mættar.
4. Margrét Guðmundsdóttir, Epsilonsystir, sagði frá námi sínu en hún er á öðru ári í talmeinafræði sem er þverfaglegt nám, skipulagt af Menntavísindasviði, Íslensku-og menningardeild, Læknadeild og Sálfræðideild. Fræðigreinin fjallar um frávík í málþroska, framburði og hljóðkerfisvitund, stami, raddveilum, málstoli, kyngingarörðugleikum og skertri boðskiptafærni. Margrét fékk styrk frá DKG til þess að skrifa meistararitgerð og fellst hún í því að rannsaka þá málþætti sem henta helst greiningu á málþroska barna á aldrinum 6 – 10 ára og hins vegar að leggja drög að þeim prófatriðum sem munu koma fyrir í nýju málþroskaprófi ætlað þessum aldri. Margrét sagði frá því að starfsfrelsi ný-útskrifaðra talmeinafræðinga væri skert þar sem Sjúkratryggingar Íslands meinar þeim aðgang að greiðsluþáttöku ríkisins nema þeir hafi tveggja ára starfsreynslu hjá hinu opinbera. Þetta er bagalegt í ljósi þess að annars hefðu nýir talmeinafræðingar getað hjálpað til við að stytta biðlista sem eru ansi langir.
5. Gestur fundarins var Halldór Smáráson tónskáld og píanóleikari. Hann fæst við alls konar tónlist.s.s jass, popp, rokk og fleira. Hann tók masterinn í New York í tónsmíðum. Hann spilaði verk, (var með hátalara og síma) eftir sig sem heitir Óendaleg mynd. Hann vinnur með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem mun flytja verk eftir hann í Hörpu 30. sept. Halldór spilaði svo á harmónikku lög eftir Villa Valla og annað eftir sjálfan sig. Og sungin var Litla flugan eftir Fúsa.
6. Epsilonsystur gæddu sér á hinum rómaða mat sem Matkráin býður upp á, spjölluðu og áttu notalega stund saman.
7. Fleira ekki gjört og fundi slitið kl 18:30



Ritari fundarins: Guðrún Sigríks Sigurðardóttir



**1. DKG-fundur vetrarins haldinn á Teams 18. feb 2021.
Epsilondeild.**

1. Eydís Katla setti fundinn en formaður mætti síðar og kveikti á kertum vináttu, trúmensku og hjálpssemi. Auðvitað var þetta öðruvísi fundur þar sem hver og ein var heima hjá sér en tengingin gegnum tölvur. Þar sem bókafundurinn er upphaldsfundur flestra var ráðið í prófa þessa aðferð sem að allra rómi gekk mjög vel. Eina efni fundarins var bókarýni. 17 systur tóku þátt.

Bóklisti: Hin ósýnilegu e. Roy Jakobsen

Óstýriláta mamma mín og ég e.Særún Kjsrtsnsdóttir